

O. P. Ottesen, skaðabætur eptir mati 2 rdómkvaddra, óvilhallra manna fyrir umrætt hey, sem hann tók fyrir áfrýjanda kvöld hins 14. eða aðfaranótt hins 15. dags ágústmánaðar 1894, og að auki 60 kr. í málskostnað.

Dómi þessum skal fullnægja áður 8 vikur sjeu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. júlímánaðar.

Nr. 1/1896.

Lárus Bjarnason

gegn

Jóakim Jóakimssyni,

Guðmundi Guðmundssyni og

Albert Jónssyni.

D ó m u r :

Í máli, er áfrýjandinn Lárus sýslumaður Bjarnason höfðaði gegn hinum stefndu Jóakim snikkara Jóakimssyni, Guðmundi bátasmið Guðmundssyni og Albert járnsmið Jónssyni, öllum til heimilis á Ísafirði, út af meiðandi ummælum um sig í kæruskjali til amtmannsins yfir Vesturamtinu, dagsettu í aprílmánuði 1893, var dómur uppkveðinn í aukarjetti Ísafjarðarkaupstaðar 7. maímán. 1894 með þeim úrslitum, að hin átöldu meiðandi ummælium áfrýjandann skyldu vera dauð og ómerk og hinir stefndu greiða í sekt til landsjóðs hver um sig 65 kr. eða sæta til vara 18 daga einföldu fangelsi. Svo skyldu hinir stefndu og greiða einn fyrir alla

og allir fyrir einn allan af málinu leiðandi kostnað, eins og það hefði eigi verið gjafsóknarmál af hálfu áfrýjandans.

Þessum dómi til áfrýjunar tóku hinir stefndu út áfrýjunarstefnu við yfirdóminn næstliðið haust, en eptir þeirri stefnu átti málið eigi að koma í rjett fyr en í októbermán. þ. á., og með því að áfrýjanda þótti þetta gjört til að draga málið um skör fram, áfrýjaði hann málinu einnig af sinni hálfu til staðfestingar með stefnu, dags. 2. jan. þ. á., og krefst hann þess nú samkvæmt þessari stefnu hjer fyrir rjettinum, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefndu dæmdir til að greiða allan af áfrýjuninni leiðandi kostnað eptir mati rjettarins.

Hinir stefndu, sem eigi hafa mætt eða látið mæta af sinni hendi í yfirdóminum, þótt áfrýjunarstefnan beri með sjer að þeim sje löglega stefnt, hafa eigi gagnáfrýjað málinu, og ber því að taka kröfu áfrýjandans um staðfesting dómsins til greina. Hinir stefndu virðast og eiga að greiða áfrýjandanum áfrýjunarkostnaðinn in solidum með 30 krónum.

Þ v í d æ m i s t r j e t t v e r a :

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Hinir stefndu Jóakim Jóakimsson, Guðmundur Guðmundsson og Albert Jónsson greiði allir sem einn og einn sem allir áfrýjandanum, Lárusi sýslumanni Bjarnason, í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 17. ágústmánaðar.

Nr. 12/1896.

Árni Eypórsson og
Þórður Guðmundsson
gegn
Guðna Jónssyni og
Pjetri Pjeturssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af bændunum Guðna Jónssyni og Pjetri Pjeturssyni gegn verzlunarmanni Árna Eypórssyni og útvegsbónda Þórði Guðmundssyni út af vanskilum á andvirði skips og segla, er hinir fyrnefndu höfðu selt hinum síðarnefndu með kaupsamningi 31. desbr. 1894. Var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 27. febr. þ. á. með þeim úrslitum, að Árni Eypórsson, og Þórður Guðmundsson voru skyldaðir til að greiða Guðna Jónssyni og Pjetri Pjeturssyni gegn afhendingu 4 tiltekinna segla 440 kr. 64 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hafa þeir Árni Eypórsson og Þórður Guðmundsson áfrýjað til landsyfirrjettarins með stefnu 4. marz þ. á. og krafizt, að bæjarþingsdómurinn verði úr gildi felldur og honum breytt þannig, að þeir verði algjörlega sýknaðir af kærnum og kröfum hinna stefndu, og að hinir